

Ágætu aðalfundargestir.

Það er búið að fara rækilega yfir stöðu mála á fjármálamarkaði og mikilvæga þætti til framtíðar lítið hér í dag. Ég vil þakka þeim góðu frummælendum fyrir sitt innlegg.

Það er eðlilega mikið rætt um þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir nú um stundir en minni gaumur gefinn af því sem þó hefur verið áorkað frá því bankakerfið hrundi á einni nóttu. Í Ársriti SFF sem þið hafið undir höndum er m.a. fjallað um hvernig tókst að tryggja að greiðslukerfi virkuðu og viðskiptavinir banka og sparisjóða gætu notað greiðslukortin sín, netbankann og þjónustu útibúa vandkvæðalaust. Seðlabankinn, í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og sérhæft starfsfólk fjármálafyrirtækjanna, vann ómetanlegt starf í þessum efnum. Þá hefur viðskiptum við útlönd verið komið í betra horf og mikilvæg skref hafa verið stigin til að mæta greiðsluferfiðleikum heimilanna. Verið er að vinna að úrlausn skuldavanda fyrirtækja og efnahagsreikningar nýju bankanna eru í sjónmáli. Ekki má heldur gleyma þeim fjármálafyrirtækjum sem stóðu af sér ágjöf hrunsins og hafa nýtt tækifærið til frekari vaxtar.

Í nýlegum yfirlýsingum frá ríkisstjórnnum nokkurra Evrópuríkja hefur verið undirstrikuð stefna þeirra um að leggja áherslu á að byggja upp sterkan fjármálageira á ný þrátt fyrir áföll undanfarinna missera. Augljóslega fór margt aflaga í fjármálastarfsemi heimsins síðustu ár og margir þátttakendur skildu ekki þá áhættu sem fólgin var í fjármálaafurðum sem þeir skópu eða keyptu. Ekki þarf að hafa mörg orð um að margt hefði mátt betur fara á hérlandum fjármálamarkaði. Staðreyndir dagsins tala sínu máli þar. Í viðamikilli og góðri úttekt Kaarlo Jannari um bankahrunið hér á landi kemur fram að víða hafi verið brotalamir og allir þátttakendur, hvort heldur stjórnendur fyrirtækjanna sjálfra, eftirlitsaðilar eða stjórnmalámennt þurfi að fara í naflaskoðun. Ég hvet fundarmenn sem ekki hafa þegar lesið þessa úttekt að kynna sér hana, en greinargóð yfirferð á skýrslunni er í Ársriti SFF. Hins vegar skal haft í huga að stöndugur fjármálageiri var og er jákvæður fyrir hvert þjóðfélag. Ísland er lítið land með opið hagkerfi þar sem flæði vöru og þjónustu er frjálst. Íslensk atvinnufyrirtæki í greinum þar sem stærðarhagkvæmni nýtur við standa því höllum fæti ef þau geta einungis reitt sig á lítinn heimamarkað. Þá skapa öflug fjármálafyrirtæki mörg eftirsóknarverð störf og eru forsenda sterks atvinnulífs. Þannig mun framtíð íslenska hagkerfisins velta að miklu leyti á að vel takist til við að endurreisa fjármálakerfið og vinna á ný traust þannig að íslensk fjármálafyrirtæki geti fjármagnað sig á alþjóðafjármálamörkuðum.

Mér finnst sérstök ástæða til að minnast á þau verðmæti sem felast í því vel menntaða starfsfólki sem hérland fjármálafyrirtæki búa yfir. Það er mjög mikilvægt að okkur takist að halda þessu góða fólki áfram á heimaslóð þrátt fyrir erfiða stöðu þessi misserin, þannig að það geti lagt sína þekkingu á vogarskálarnar við uppbygginguna. Eðlilega tekur starfsfólkið inná sig þá gagnrýnu umræðu sem verið hefur uppi nánast sleitulaust frá hruni bankanna. Sú umræða má hins vegar ekki verða til þess að skaða enn frekar möguleikann á að vinna okkur út úr kreppunni. Við skulum ekki gleyma því að orsakir og afleiðingar bankahrunsins eru til skoðunar og rannsóknar hjá bæði eftirlitsaðilum og sérstökum rannsóknarnefndum og saksóknaraembættum. Ég vona að þrátt fyrir að engan veginn verði séð fyrir endann á erfiðu ástandi fari að styttest í að þjóðin átti sig á mikilvægi þess að leggjast saman á árarnar í erfiðum róðri.

Eitt af þeim málum sem hæst ber í íslensku samfélagi nú um stundir eru hugsanlegar aðildarviðræður við ESB og skoðun á upptöku evru þar í framhaldi. Samtök fjármálfyrirtækja hafa verið með skýra skoðun hvað það varðar að eitt af mikilvægari málum fyrir framtíð íslensks fjármálageira, og þar með atvinnu- og efnahagslífs, sé að Ísland verði hluti af stærra myntsvæði. SFF hafa þó að öðru leiti ekki tekið virkan þátt í þeirri umræðu. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að það sé forsenda þess að íslenskt atvinnulíf og fjármálakerfi nái að vinna sig fyrir en ella út úr kreppunni að þessi mál verði skoðuð sem allra fyrst. Horfa

má til þess að í áðurnefndri úttekt Kaarlo, bendir hann á séríslenska þætti sem draga úr áhuga erlendra banka á að hefja starfsemi hér á landi. Nefnir hann m.a. verðtrygginguna, smæð gjaldmiðilsins, hlutverk Íbúðalánasjóðs á húsnæðislánamarkaði og sveiflukennt hagkerfi. Að sjálfsgöðu er þó til skemmri tíma forgangsmál að skapa forsendur til að afnema gjaldeyrishöftin og ná stýrivöxtum mun neðar en nú er. Þær aðgerðir og mögulegar viðræður um aðild að ESB fara þó vel saman að mínu mati.

Góðir fundarmenn.

Mig langar nú að víkja nokkrum orðum að þeim samtökum sem við stöndum að og halda aðalfund sinn hér í dag.

Eins og Kaarlo Jannari kom inná hér fyrr í morgun er aldrei meiri þörf á öflugum samstarfsvettvangi fjármálageirans og í ástandi eins og nú ríkir. Hann nefndi mögulegt hlutverk samtakanna í tengslum við samskipti við kröfuhafa eldri bankanna. Í mínum huga eigum við tvímælaust að skoða allar slíkar góðar hugmyndir. SFF hafa einmitt verið í góðum samskiptum við systursamtök sín um alla Evrópu eftir hrunið og veitt upplýsingar um stöðu mála. Þá skiptir jafnvel enn meira máli en áður að fjármálageirinn eigi sér sameiginlega rödd í samskiptum við stjórnvöld sem og aðra aðila sem fjármálamarkaðnum tengjast.

SFF voru stofnuð fyrir um tveimur og hálfu ári þegar Samband íslenskra tryggingafélaga og Samtök banka og verðbréfafyrirtækja runnu saman í ein samtök. Ísland fylgdi þar fordæmi Norðmanna og Finna, en aðrar Evrópuþjóðir hafa enn ekki gengið svo langt að setja hagsmunagæslu fyrir öll svið fjármálamarkaðarins undir sama hatt. Jafnvel þó að við fyrstu sín virðast hagsmunir váttryggingafélaga og bankastarfsemi vera ólíkir eiga þessar greinar margt sameiginlegt. Fyrir báðar þessar greinar skiptir miklu að eftirlit með starfseminni sé öflugt og skilvirkt og að innleiðing alþjóðslegs regluverks sé í sem bestu samræmi við það sem gerist og gengur í nágrannaríkjum. Báðar þessar greinar eru með sömu fyrirtækin og sömu einstaklingana í viðskiptum. Mig langar að nefna eitt nýlegt dæmi um atriði sem sýnir vel hvernig mögulegar breytingar á starfsumhverfi fyrirtækja landsins geta snert fjármálageirann. Nú er rætt um að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem fela í sér að tiltekinn hluti af aflamarki skipa verið tekinn af þeim yfir nokkurra ára tímabil og úthlutað á ný. Fyrir bankakerfið er ljóst að slík breyting mun hafa veruleg áhrif á þá banka sem hafa lánað til sjávarútvegsins í miklum mæli. Sjálfur er ég tryggingamegin innan raða SFF og fyrir mitt félag mundi slík breyting ekki aðeins hafa mikil áhrif á tryggingastarfsemi tengdri útgerðum landsins heldur einnig gagnvart sjómönnunum sjálfum. Ég vil taka fram að SFF hafa ekki tekið þetta mál sérstaklega til umræðu, enda eru ekki nema fáir dagar síðan birtur var stjórnarsáttmáli þar sem stefnt er að slíkri breytingu. Þetta sýnir hins vegar hvernig hagsmunir þessara tveggja greina innan raða samtakanna tvinnast oft saman.

Því hefur stundum verið hent á loft nú eftir bankahrunið að bankar í eigu ríkisins og fjármálafyrirtæki í einkaeigu eigi ekki góða samleið. Við skulum samt hafa í huga að bankar um allan heim hafa ýmist verið þjóðnýttir eða bjargað með öðrum hætti undanfarna mánuði og jafnvel stærsta tryggingafélag heims hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun. Hér heima eru það ekki bara stærstu bankarnir sem ríkið hefur komið að heldur fer þeim fjölgandi fjármálafyrirtækjunum sem ríkið mun styðja með einum eða öðrum hætti. Vitanlega getur stundum myndast núningur á milli aðila á umbrotatímum, annað væri óeðlilegt. Hins vegar er í mínum huga ekki nokkur vafi á því að fjármálageirinn í heild sinni verður að standa saman í gegnum þann skafl sem nú þarf að brjótast í gegnum. SFF er okkar samstarfsvettvangur og við eigum að nýta hann í þessum efnum. Sameiginlegt markmið okkar allra er að hér á landi starfi til framtíðar öflug fjármálafyrirtæki sem eru fær um að sinna þörfum jafnt fyrirtækja sem heimila landsins. Þótt íslenska ríkið fari nú með rekstur á stórum hluta fjármálakerfisins hlýtur að vera markmið þess eins og annarra ríkja sem þurft hafa að taka yfir banka að koma þeim málum í eðlilegri farveg til framtíðar.

Ég hef ekki rakið sérstaklega þau verkefni sem helst hafa verið á borðum SFF hér í dag. Þeim eru gerð góð skil í Ársritinu sem ég hvet fundarmenn til að kynna sér. Þar sést einnig hvernig SFF eiga í miklu og góðu samstarfi við bæði stjórnvöld sem og önnur samtök atvinnulífsins á Íslandi. Það samstarf er ekki síður mikilvægt í dag. Ég vona að þegar fram líðar stundir geti þeir sem komu að endurreisn fjármálamarkaðarins á Íslandi rætt af stolti um sitt hlutverk, bæði við uppbyggingu sinna fyrirtækja og á sameiginlegum vettvangi SFF. Sú reynsla á einnig eftir að verða samtökunum dýrmæt rétt eins og okkur aðildarfélagunum sjálfum.